Febrúar 2022

# SAMANTEKT VIÐSKIPTA

## Útflutningur Íslands 2013-2020
## til
## Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar, Færeyja, Grænlands og Finnlands



Sendiráð Íslands
Kaupmannahöfn

Ábyrgðarmaður: Sigurður Þórarinsson

# EFNISYFIRLIT


INNGANGUR 1

ÚTFLUTNINGUR ÍSLANDS TIL NORÐURLANDA 2

VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL NORÐURLANDA 5

ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL NORÐURLANDA 8

HLUTFALL NORÐURLANDA Í HEILDARVIÐSKIPTUM ÍSLANDS 2013-2020 9

SKÝRING Á ÁHRIFUM GENGISBREYTINGA Á VERÐMÆTI ÚTFLUTNINGS 10

NOREGUR 11

HEILDARÚTFLUTNINGUR TIL NOREGS 11

VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL NOREGS 12

ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL NOREGS 13

DANMÖRK 15

HEILDARÚTFLUTNINGUR TIL DANMERKUR 15

VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL DANMERKUR 16

ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL DANMERKUR 17

SVÍÞJÓÐ 19

HEILDARÚTFLUTNINGUR TIL SVÍÞJÓÐAR 19

VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL SVÍÞJÓÐAR 20

ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL SVÍÞJÓÐAR 21

FÆREYJAR 23

HEILDARÚTFLUTNINGUR TIL FÆREYJA 23

VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL FÆREYJA 24

ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL FÆREYJA 25

GRÆNLAND 27

HEILDARÚTFLUTNINGUR TIL GRÆNLANDS 27

VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL GRÆNLANDS 28

ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL GRÆNLANDS 29

FINNLAND 31

HEILDARÚTFLUTNINGUR TIL FINNLANDS 31

VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL FINNLANDS 32

ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL FINNLANDS 33

FJÖLDI FERÐAMANNA TIL ÍSLANDS 2010-2020 35

VIÐAUKI – VIÐSKIPTAJÖFNUÐUR 2013-2020 37

VIÐAUKI – DANMÖRK 39

# INNGANGUR

Í þessari samantekt verður fyrst og fremst leitast við að taka saman tölur yfir vöru- og þjónustuútflutning Íslands til Norðurlandanna á árunum 2013-2020, auk lítilsháttar greiningar og samanburðar í þróun á milli tímabila annars vegar og landa hins vegar, sem og samanburðar við verðmæti innflutnings frá sömu löndum.

Við gerð samantektarinnar voru aðgengilegar sundurliðaðar tölur yfir vöruviðskipti frá 2002-2020, en þjónustu 2013-2020 og miðast samantektin því við tímabilið 2013-2020. Samantektin nær ekki til Álandseyja. Allar tölulegar upplýsingar eru fengnar frá Hagstofu Íslands, sé annað ekki tilgreint. Upplýsingar um gengi gjaldmiðla eru fengnar frá Seðlabanka Íslands.

Af margvíslegum ástæðum er rétt að hafa ákveðinn fyrirvara á við samanburðinn þar sem fjárhæðir eru á tíðum lágar og þá þarf ekki mikið til svo sveiflur verði á milli tímabila. Sem dæmi má nefna breytingar framboðs, eftirspurnar og verðs á markaði, aflaheimildir og aflabrest, átök á vinnumarkaði og verkföll, einstök viðskipti, gengi krónunnar, breytingar í rekstri fyrirtækja, einkum flugfélaga, heimsfaraldur o.s.frv.

Tölur yfir fjölda ferðamanna til Íslands frá Norðurlöndunum á tímabilinu 2010-2020, sem fengnar eru frá Ferðamálastofu, eru settar fram í stuttu máli.

# ÚTFLUTNINGUR ÍSLANDS TIL NORÐURLANDA

Heildarútflutningur Íslands til til Norðurlandanna á árunum 2013 til 2020 nam rúmum 1.150 milljörðum króna (hér eftir mkr.)[1]. Noregur var stærsti áfangastaður tímabilsins með 35,1% hlutdeild og Danmörk svo skammt undan með 32,7%. Stærsti hluti vöruútflutnings fór einnig til Noregs, eða 48,7%, en stærsti hluti útfluttrar þjónustu til Danmerkur, 37,1%. Tæplega 3/4 vöruútflutningsins fór til tveggja landa, Noregs og Danmerkur, en skipting þjónustuútflutnings var nokkuð jafnari á milli þriggja landa, þ.e. Danmerkur, sem var þó áberandi stærsti áfangastaðurinn, Noregs og Svíþjóðar.

**Tafla 1: Heildarútflutningur til Norðurlanda og hlutdeild hvers lands 2013-2020**

| í millj. kr. | vörur | þjón. | samt. | vörur % | þjón. % | samt. % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Noregur | 217,988 | 187,078 | 405,066 | 48.7% | 26.5% | 35.1% |
| Danmörk | 115,357 | 261,814 | 377,172 | 25.8% | 37.1% | 32.7% |
| Svíþjóð | 25,022 | 165,523 | 190,545 | 5.6% | 23.5% | 16.5% |
| Færeyjar | 43,865 | 19,786 | 63,650 | 9.8% | 2.8% | 5.5% |
| Grænland | 36,981 | 21,823 | 58,804 | 8.3% | 3.1% | 5.1% |
| Finnland | 8,653 | 49,635 | 58,287 | 1.9% | 7.0% | 5.1% |
| Samtals | 447,865 | 705,659 | 1,153,524 | 100% | 100% | 100% |

Sé litið á samsetningu útflutnings einstakra landa á tímabilinu, má sjá að þjónusta var afgerandi stærri hluti útflutnings til Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur, en vörur til Færeyja, Grænlands og Noregs, þó nokkuð jafnt hafi verið á hvað síðastnefnda landið varðar.

**Tafla 2: Hlutfallsleg skipting vara og þjónustu í útflutningi til Norðurlanda 2013-2020**

| í % | vörur | þjón. | samt. |
|---|---|---|---|
| Noregur | 53.8% | 46.2% | 100% |
| Danmörk | 30.6% | 69.4% | 100% |
| Svíþjóð | 13.1% | 86.9% | 100% |
| Færeyjar | 68.9% | 31.1% | 100% |
| Grænland | 62.9% | 37.1% | 100% |
| Finnland | 14.8% | 85.2% | 100% |
| Samtals | 38.8% | 61.2% | 100% |

Í heild stóð þjónusta undir 61,2% útflutningsverðmætis til Norðurlandanna árin 2013-2020 og vörur 38,8%, en talsvert dró úr hlutdeild þjónustu á tímabilinu, úr 65,5% árið 2013, í 46,7% árið 2020, m.a. vegna heimsfaraldursins.

[1] Á verðlagi hvers árs, sé annars ekki getið.

**Mynd 1: Heildarútflutingur vöru og þjónustu til Norðurlandanna  og hlutfallsleg skipting 2013-2020**




Verulegur samdráttur var í útflutningi til Norðurlandanna árið 2020 (108,9 mkr.) samanborið við 2013 (172,9 mkr.), eða 37%, mestur til Finnlands, 67,4%. Þrátt fyrir það var aukning í útflutningi til Grænlands, 43,3% og Færeyja, 25,7%, en síðarnefnda landið skar sig úr að því leiti, að um aukingu var að ræða bæði í vöru- og þjónustuútflutningi. Vöruútflutningur jókst einnig til Svíþjóðar, um tæp 60%, en vó ekki upp á móti miklum samdrætti í útflutningi þjónustu. Útflutningur til Danmerkur dróst saman um 43,6% og til Noregs um þriðjung, fyrst og fremst í útfluttri þjónustu. Sé litið til ársins 2020 og það borið saman við 2013, þá nam vöruútflutningur alls 58 mkr. og dróst saman um 1,7 mkr., eða 2,9% og þjónustuútflutningur 50,9 mkr., eða 55% samdráttur sem samsvaraði 62 mkr.

**Mynd 2: Heildarútflutningur til Norðurlandanna 2013-2020 og ársmeðaltal tímabils, eftir löndum**



**Tafla 3: Heildarútflutningur til Norðurlanda 2013, 2019 og 2020, þróun í ÍSK og í erlendri mynt.**

| Vörur og þjónusta<br>í millj. kr / gjaldmiðils | í ISK<br>2013 | í ISK<br>2019 | í ISK<br>2020 | br. í %<br>19/13 | br. í %<br>20/13 | í gjaldm.<br>2013 | í gjaldm.<br>2019 | í gjaldm.<br>2020 | br. í %<br>19/13 | br. í %<br>20/13 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Noregur | | | | | | *NOK* | *NOK* | *NOK* | | |
| *vörur* | *28,955* | *24,843* | *26,040* | *-14.2%* | *-10.1%* | *1,390* | *1,783* | *1,806* | *28.2%* | *29.9%* |
| *þjónusta* | *30,403* | *21,080* | *12,808* | *-30.7%* | *-57.9%* | *1,460* | *1,513* | *888* | *3.6%* | *-39.2%* |
| *NO samtals* | *59,359* | *45,923* | *38,848* | *-22.6%* | *-34.6%* | *2,850* | *3,296* | *2,694* | *15.6%* | *-5.5%* |
| Danmörk | | | | | | *DKK* | *DKK* | *DKK* | | |
| *vörur* | *17,415* | *14,952* | *17,170* | *-14.1%* | *-1.4%* | *800* | *813* | *828* | *1.6%* | *3.5%* |
| *þjónusta* | *44,967* | *22,657* | *18,022* | *-49.6%* | *-59.9%* | *2,065* | *1,232* | *869* | *-40.3%* | *-57.9%* |
| *DK samtals* | *62,382* | *37,609* | *35,192* | *-39.7%* | *-43.6%* | *2,865* | *2,045* | *1,698* | *-28.6%* | *-40.8%* |
| Svíþjóð | | | | | | *SEK* | *SEK* | *SEK* | | |
| *vörur* | *2,672* | *3,768* | *4,252* | *41.0%* | *59.1%* | *142* | *291* | *288* | *104.2%* | *102.5%* |
| *þjónusta* | *26,787* | *16,953* | *10,622* | *-36.7%* | *-60.3%* | *1,427* | *1,307* | *720* | *-8.4%* | *-49.5%* |
| *SV samtals* | *29,458* | *20,721* | *14,874* | *-29.7%* | *-49.5%* | *1,569* | *1,598* | *1,008* | *1.8%* | *-35.7%* |
| Færeyjar | | | | | | *DKK* | *DKK* | *DKK* | | |
| *vörur* | *6,241* | *4,476* | *7,575* | *-28.3%* | *21.4%* | *287* | *243* | *365* | *-15.1%* | *27.5%* |
| *þjónusta* | *2,340* | *2,496* | *3,207* | *6.7%* | *37.1%* | *107* | *136* | *155* | *26.3%* | *43.9%* |
| *FO samtals* | *8,581* | *6,972* | *10,782* | *-18.8%* | *25.7%* | *394* | *379* | *520* | *-3.8%* | *32.0%* |
| Grænland | | | | | | *DKK* | *DKK* | *DKK* | | |
| *vörur* | *2,633* | *8,067* | *2,110* | *206.4%* | *-19.8%* | *121* | *439* | *102* | *262.8%* | *-15.8%* |
| *þjónusta* | *1,799* | *2,064* | *4,239* | *14.7%* | *135.6%* | *83* | *112* | *204* | *35.8%* | *147.5%* |
| *GR samtals* | *4,431* | *10,131* | *6,349* | *128.6%* | *43.3%* | *204* | *551* | *306* | *170.7%* | *50.5%* |
| Finnland | | | | | | *EUR* | *EUR* | *EUR* | | |
| *vörur* | *1,785* | *860* | *840* | *-51.8%* | *-52.9%* | *11* | *6* | *5* | *-43.0%* | *-50.6%* |
| *þjónusta* | *6,899* | *6,285* | *1,987* | *-8.9%* | *-71.2%* | *42* | *46* | *13* | *7.7%* | *-69.7%* |
| *FI samtals* | *8,684* | *7,145* | *2,827* | *-17.7%* | *-67.4%* | *53* | *52* | *18* | *-2.7%* | *-65.8%* |
| Samtals | | | | | | | | | | |
| *vörur* | *59,700* | *56,965* | *57,987* | *-4.6%* | *-2.9%* | *2,751* | *3,575* | *3,395* | *30.0%* | *23.4%* |
| *þjónusta* | *113,195* | *71,535* | *50,885* | *-36.8%* | *-55.0%* | *5,184* | *4,346* | *2,849* | *-16.2%* | *-45.0%* |
| *Samtals* | *172,895* | *128,500* | *108,872* | *-25.7%* | *-37.0%* | *7,935* | *7,920* | *6,244* | *-0.2%* | *-21.3%* |

| Meðalgengi árs | 2013 | 2019 | 2020 | br. í %<br>19/13 | br. í %<br>20/13 |
|---|---|---|---|---|---|
| DKK | 21.77 | 18.39 | 20.73 | *-15.5%* | *-4.8%* |
| EUR | 162.38 | 137.30 | 154.52 | *-15.4%* | *-4.8%* |
| NOK | 20.83 | 13.94 | 14.42 | *-33.1%* | *-30.8%* |
| SEK | 18.78 | 12.97 | 14.75 | *-30.9%* | *-21.4%* |

Talsverðar sveiflur voru á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á tímabilinu, en hún styrktist umtalsvert á fyrri hluta þess, í kjölfar endurreisnar eftir fjármálakreppuna, ekki síst verulegs vaxtar ferðaþjónustu, en var svo í veikingarfasa síðustu þrjú árin (2018-2020).

Meðalársgengi íslensku krónunnar árið 2020 (samanborið við 2013) var um 31% sterkara gagnvart norsku krónunni, ríflega 21% sterkara gagnvart þeirri sænsku og tæplega 5% gagnvart danskri krónu og evru (danska krónan er föst gagnvart evru, þ.e. viðmiðið er 1 evra = 7,46 danskar krónur). Séu útflutningstölur umreiknaðar í gjaldmiðla viðkomandi markaðssvæða, sýnir taflan að ofan, eins og áður, að eingöngu var um aukningu útflutnings að ræða til Grænlands (50,5%) og Færeyja (32%), en verulegur samdráttur var í útflutningi til Finnlands (65,8%), 35,7% samdráttur til Svíþjóðar og 40,8% til Danmerkur, en breytingar í flugsamgöngum höfðu talsverð áhrif hvað síðastnefnda landið varðar. Mikil styrking íslensku krónunnar gagnvart þeirri norsku gerði það að verkum að 34,6% samdráttur útflutnings til Noregs, samsvaraði aðeins 5,5% sé útflutningsverðmæti umreiknað í norskar krónur.

Verulegur vöxtur var í útflutningi landbúnaðarvara og talsverður í útflutningi iðnaðarvara á tímabilinu, en mikill samdráttur í þjónustuliðum, einkum samgöngum og flutningum og í ferðalögum árið 2020[2].

**Mynd 3: Heildarútflutningur til Norðurlandanna 2013-2020 og ársmeðaltal tímabils, eftir helstu vöru- og þjónustuflokka**




Á tímabilinu voru alls fluttar inn vörur og þjónusta frá löndunum sex fyrir 1.968,1 mkr., þar af vörur fyrir 1.375,7 mkr. og þjónusta fyrir 592,5 mkr. Viðskiptajöfnuður tímabilsins var því neikvæður um 814,7 mkr. (vöruskiptajöfnuður neikvæður um 927,8 mkr. en þjónustujöfnuður jákvæður um 113,2 mkr.), eða sem samsvarar 70,6% af heildarútflutningi Íslands til Norðurlandanna. Til samanburðar má nefna að viðskiptajöfnuður Íslands gagnvart útlöndum var jákvæður um 583 mkr. á sama tímabili, eða um 6,2% af heildarútflutningi vöru og þjónustu.

## VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL NORÐURLANDA

Sjávarafurðir voru stærsti einstaki flokkur vöruútflutnings til Norðurlanda á tímabilinu 2013-2020, með 51,4% hlut að meðaltali og fór 64,3% útflutningsverðmætis sjávarafurða til Noregs. Finnland og Færeyjar og Grænland skera sig úr, sem þau lönd þar sem sjávarafurðir voru ekki stærsti flokkurinn, heldur iðnaðarvörur sem í tilviki tveggja fyrrnefndu stóðu undir um 40% vöruútflutnings til hvors lands á tímabilinu, og 56,9% til þess síðastnefnda. Landbúnaðarvörur svöruðu til tæplega 10% heildarvöruútflutnings og hafnaði 42,8% útflutningsins í Danmörku, þó hlutfallslegt mikilvægi þess flokks hafi verið stærst í útflutningi til Finnlands og í Færeyja, í kringum 22%.

Eins og fyrr sagði fór þriðjungur vöruútflutnings tímabilsins til Noregs og Danmerkur og Færeyjar skipa þriðja sætið með 9,8%, sem er 75% meira en flutt var út til Svíþjóðar og fimmfalt meira en til Finnlands. Aðrar vörur, einkum notuð skip, skipuðu stóran sess í útflutningi til Grænlands á tímabilinu.

[2] Ferðalög taka til keyptrar ferðaþjónustu erlendra aðila á Íslandi

**Tafla 4: Vöruútflutningur til Norðurlandanna 2013-2020, hlutfallsleg skipting milli flokka og landa.**

| í millj. kr. | Noregur | í % | Danmörk | í % | Svíþjóð | í % | Færeyjar | í % | Grænland | í % | Finnland | í % | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjávarafurðir | 147,829 | 64.3% | 54,164 | 23.5% | 10,667 | 4.6% | 12,596 | 5.5% | 1,811 | 0.8% | 3,017 | 1.3% | 230,083 |
| | 67.8% | | 47.0% | | 42.6% | | 28.7% | | 4.9% | | 34.9% | | 51.4% |
| Landbúnaðarvörur | 9,814 | 22.4% | 18,727 | 42.8% | 2,966 | 6.8% | 9,732 | 22.3% | 615 | 1.4% | 1,877 | 4.3% | 43,732 |
| | 4.5% | | 16.2% | | 11.9% | | 22.2% | | 1.7% | | 21.7% | | 9.8% |
| Iðnaðarvörur | 34,860 | 28.9% | 35,905 | 29.8% | 8,051 | 6.7% | 17,164 | 14.2% | 21,026 | 17.5% | 3,480 | 2.9% | 120,485 |
| | 16.0% | | 31.1% | | 32.2% | | 39.1% | | 56.9% | | 40.2% | | 26.9% |
| Aðrar vörur | 25,485 | 47.6% | 6,562 | 12.3% | 3,338 | 6.2% | 4,373 | 8.2% | 13,529 | 25.3% | 279 | 0.5% | 53,565 |
| | 11.7% | | 5.7% | | 13.3% | | 10.0% | | 36.6% | | 3.2% | | 12.0% |
| Samtals | 217,988 | | 115,357 | | 25,022 | | 43,865 | | 36,981 | | 8,653 | | 447,865 |
| í % | 48.7% | | 25.8% | | 5.6% | | 9.8% | | 8.3% | | 1.9% | | 100% |

## Vöruútflutningur til Norðurlanda eftir tegundum

Sjávarafurðir stóðu ekki aðeins undir ríflega helmingi vöruútflutnings til Norðurlandanna á tímabilinu 2013-2020, heldur var tæpan þriðjung að finna í einungis þremur tegundum, loðnu, kolmunna og síld, hvort sem litið er til tímabilsins í heild eða einungis áranna 2018-2020[3]. Vægi tegundanna hefur þó breyst talsvert, verulegur samdráttur hefur verið í útflutningi loðnu síðustu árin en aukning í kolmunna. Sé heildarverðmæti vöruútflutnings árið 2020 borið saman við árið 2013, dróst verðmætið lítillega saman, í íslenskum krónum talið, eða 2,9% á milli þessara tveggja tímapunkta.

Þó hlutfallsleg skipting flokka sé nokkuð áþekk yfir tímabilið í heild annars vegar og síðustu þrjú árin hins vegar, voru talsverðar sveiflur á milli ára, bæði hvað flokkana varðar og innan þeirra. Skýringarnar geta verið margskonar, eins og lauslega var drepið á í inngangi.

[3] Hlutfallsleg skipting tekin saman sérstaklega fyrir árin 2018-2020 í viðleitni til að greina hvort innbyrðisbreytingar hafi átt sér stað síðustu árin, á milli einstakra greina eða innan þeirra.

## Tafla 5: Vöruútflutningur til Norðurlandanna 2013-2020, eftir tegundum

| Vöruútflutningur í milljónum kr. | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | samt. 2013-20 | í % flokkur | í % heild | Br. 20/13 | í % 18-20 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjávarafurðir** | **34,958** | **26,402** | **32,116** | **25,907** | **25,558** | **30,643** | **24,731** | **29,768** | **230,083** | **100%** | **51.4%** | **-15%** | **48.8%** |
| Kolmunni | 2,378.2 | 5,771.2 | 4,447.4 | 4,733.4 | 5,779.8 | 10,417.9 | 8,449.7 | 7,739.8 | 49,717 | 21.6% | 11.1% | 225% | 15.3% |
| Loðna | 14,414.8 | 4,281.5 | 9,588.5 | 4,448.1 | 5,774.9 | 6,338.6 | 402.5 | 965.7 | 46,215 | 20.1% | 10.3% | -93% | 4.4% |
| Síld | 8,295.8 | 5,136.7 | 4,014.9 | 4,000.4 | 5,378.9 | 3,715.6 | 4,934.7 | 6,096.4 | 41,573 | 18.1% | 9.3% | -27% | 8.5% |
| Annar botnfiskur | 2,034.0 | 2,556.5 | 2,449.8 | 2,738.5 | 2,195.2 | 2,819.0 | 2,709.5 | 4,203.6 | 21,706 | 9.4% | 4.8% | 107% | 5.6% |
| Rækja | 1,615.6 | 2,694.6 | 3,431.0 | 1,826.1 | 1,287.8 | 1,605.6 | 1,198.3 | 982.0 | 14,641 | 6.4% | 3.3% | -39% | 2.2% |
| Þorskur | 464.2 | 601.1 | 858.7 | 1,587.7 | 1,522.2 | 1,229.5 | 2,011.6 | 4,265.5 | 12,541 | 5.5% | 2.8% | 819% | 4.3% |
| Grásleppa | 300.0 | 208.3 | 355.7 | 454.4 | 442.0 | 498.3 | 637.8 | 368.5 | 3,265 | 1.4% | 0.7% | 23% | 0.9% |
| Makríll | 62.1 | 212.1 | 466.9 | 390.9 | 180.1 | 261.5 | 449.9 | 1,119.3 | 3,143 | 1.4% | 0.7% | --- | 1.1% |
| Ýsa | 420.2 | 290.8 | 254.6 | 172.8 | 154.4 | 257.7 | 419.3 | 418.2 | 2,388 | 1.0% | 0.5% | 0% | 0.6% |
| Aðrar sjávarafurðir | 3,866.0 | 3,475.6 | 4,783.7 | 3,561.5 | 1,584.9 | 2,070.6 | 2,007.6 | 1,729.6 | 23,080 | 10.0% | 5.2% | -55% | 3.3% |
| Aðrar sjávarafurðir ó.ta. | 1,107.0 | 1,173.6 | 1,464.9 | 1,992.9 | 1,257.9 | 1,428.5 | 1,510.3 | 1,879.8 | 11,815 | 5.1% | 2.6% | 70% | 2.8% |
| **Landbúnaðarvörur** | **4,656** | **3,239** | **3,720** | **4,642** | **4,969** | **6,968** | **6,407** | **9,132** | **43,732** | **100%** | **9.8%** | **96%** | **12.9%** |
| Lax | 489.5 | 660.5 | 910.9 | 1,218.4 | 2,013.0 | 3,348.0 | 3,518.9 | 5,430.3 | 17,590 | 40.2% | 3.9% | --- | 7.1% |
| Afurðir sauðfjár | 942.5 | 844.3 | 894.8 | 845.2 | 392.8 | 711.5 | 672.4 | 429.1 | 5,733 | 13.1% | 1.3% | -54% | 1.0% |
| Afurðir minka | 1,990.5 | 338.1 | 473.4 | 878.9 | 968.0 | 484.6 | 327.9 | 189.9 | 5,651 | 12.9% | 1.3% | -90% | 0.6% |
| Silungur | 240.9 | 282.0 | 385.6 | 550.3 | 364.9 | 503.5 | 667.7 | 1,247.7 | 4,243 | 9.7% | 0.9% | 418% | 1.4% |
| Hestar | 391.6 | 352.0 | 323.9 | 389.9 | 240.6 | 433.2 | 364.1 | 593.1 | 3,088 | 7.1% | 0.7% | 51% | 0.8% |
| Annar eldisfiskur | 2.3 | 28.9 | 111.2 | 408.1 | 590.0 | 679.8 | 470.8 | 608.4 | 2,900 | 6.6% | 0.6% | --- | 1.0% |
| Aðrar landbúnaðarvörur | 245.0 | 364.2 | 286.0 | 216.0 | 293.1 | 707.7 | 301.4 | 504.8 | 2,918 | 6.7% | 0.7% | 106% | 0.9% |
| Aðrar landbúnaðarvörur ó.ta. | 353.6 | 368.7 | 333.7 | 135.4 | 106.1 | 99.5 | 83.6 | 128.8 | 1,609 | 3.7% | 0.4% | -64% | 0.2% |
| **Iðnaðarvörur** | **12,637** | **15,990** | **13,748** | **13,290** | **12,738** | **17,711** | **18,748** | **15,623** | **120,485** | **100%** | **26.9%** | **24%** | **29.9%** |
| Jarðolíur og olíuvörur | 2,979.3 | 4,893.1 | 3,770.6 | 2,050.8 | 2,402.9 | 3,037.9 | 3,177.9 | 1,390.3 | 23,703 | 19.7% | 5.3% | -53% | 4.4% |
| Vélar til matvælaframleiðslu | 473.0 | 1,194.6 | 1,205.4 | 1,156.1 | 869.6 | 2,633.5 | 708.9 | 1,398.9 | 9,640 | 8.0% | 2.2% | 196% | 2.7% |
| Fiskmeti | 1,137.9 | 936.3 | 1,016.0 | 1,065.1 | 1,316.1 | 1,344.3 | 1,478.5 | 1,281.1 | 9,575 | 7.9% | 2.1% | 13% | 2.4% |
| Vörur til fiskveiða ót.a. | 690.4 | 548.0 | 1,241.8 | 984.2 | 701.8 | 815.2 | 577.7 | 696.9 | 6,256 | 5.2% | 1.4% | 1% | 1.2% |
| Fiskkassar | 550.4 | 541.2 | 674.3 | 535.9 | 442.6 | 755.9 | 420.4 | 453.5 | 4,374 | 3.6% | 1.0% | -18% | 0.9% |
| Önnur matvara | 293.5 | 440.4 | 455.1 | 491.9 | 395.8 | 879.1 | 623.9 | 689.9 | 4,270 | 3.5% | 1.0% | 135% | 1.3% |
| Rafeindavogir | 773.9 | 553.8 | 397.4 | 543.7 | 368.6 | 558.7 | 464.9 | 438.1 | 4,099 | 3.4% | 0.9% | -43% | 0.8% |
| Ál og álafurðir | 302.1 | 115.1 | 79.5 | 386.3 | 1,077.0 | 1,369.9 | 319.4 | 380.8 | 4,030 | 3.3% | 0.9% | 26% | 1.2% |
| Kísiljárn | 180.7 | 152.8 | 271.8 | 402.7 | 233.8 | 278.0 | 637.5 | 941.2 | 3,099 | 2.6% | 0.7% | 421% | 1.1% |
| Málmur og málmvörur | 368.0 | 614.5 | 206.6 | 184.7 | 295.3 | 735.0 | 190.3 | 159.9 | 2,754 | 2.3% | 0.6% | -57% | 0.6% |
| Umbúðir | 283.1 | 461.0 | 297.4 | 189.9 | 283.9 | 114.4 | 161.3 | 129.2 | 1,920 | 1.6% | 0.4% | -54% | 0.2% |
| Sælgæti | 306.2 | 318.5 | 194.1 | 284.9 | 199.6 | 176.2 | 180.2 | 244.8 | 1,905 | 1.6% | 0.4% | -20% | 0.3% |
| Aðrar iðnaðarvörur | 2,656.0 | 3,453.9 | 2,466.1 | 3,407.4 | 2,733.0 | 3,876.8 | 8,116.1 | 5,382.5 | 32,092 | 26.6% | 7.2% | 103% | 10.0% |
| Aðrar iðnaðarvörur ó.ta. | 1,642.2 | 1,767.2 | 1,472.2 | 1,606.8 | 1,417.8 | 1,136.3 | 1,690.8 | 2,035.5 | 12,769 | 10.6% | 2.9% | 24% | 2.8% |
| **Aðrar vörur** | **7,450** | **11,700** | **7,781** | **5,093** | **6,959** | **4,040** | **7,079** | **3,464** | **53,565** | **100%** | **12.0%** | **-54%** | **8.4%** |
| Notuð skip | 3,420.6 | 8,342.5 | 3,098.4 | 2,105.7 | 4,238.9 | 0.0 | 3,076.5 | 25.5 | 24,308 | 45.4% | 5.4% | -99% | 1.8% |
| Úrgangur og leyfar f. orkuf. iðn | 2,490.2 | 2,159.9 | 2,125.0 | 1,733.2 | 1,439.5 | 2,297.4 | 1,885.5 | 1,779.9 | 15,911 | 29.7% | 3.6% | -29% | 3.4% |
| Bílar, notaðir eða endurseldir | 164.9 | 57.8 | 149.7 | 87.9 | 49.1 | 80.0 | 650.0 | 187.0 | 1,426 | 2.7% | 0.3% | 13% | 0.5% |
| Önnur jarðefni | 99.4 | 101.7 | 135.1 | 62.7 | 120.1 | 186.8 | 231.1 | 315.4 | 1,252 | 2.3% | 0.3% | 217% | 0.4% |
| Aðrar vörur | 988.2 | 914.9 | 2,069.3 | 902.7 | 875.3 | 1,202.6 | 836.1 | 781.7 | 8,571 | 16.0% | 1.9% | -21% | 1.6% |
| Aðrar vörur t. endurv. eða eyði | 178.9 | 51.1 | 125.8 | 62.1 | 107.0 | 88.5 | 182.2 | 90.3 | 886 | 1.7% | 0.2% | -50% | 0.2% |
| Aðrar vörur ó.ta. | 107.3 | 72.4 | 77.7 | 138.9 | 129.0 | 184.7 | 217.4 | 283.8 | 1,211 | 2.3% | 0.3% | 164% | 0.4% |
| **Samtals** | **59,700** | **57,331** | **57,365** | **48,933** | **50,223** | **59,362** | **56,965** | **57,987** | **447,865** | **100%** | **100%** | **-3%** | **100%** |
| Br. frá fyrra ári ISK (í %) | | -4.0% | 0.1% | -14.7% | 2.6% | 18.2% | -4.0% | 1.8% | | | | -2.9% | |

Sem dæmi um sveiflur má nefna afurðir minka sem svöruðu til 43% heildarútflutnings landbúnaðarvara árið 2013 en aðeins um 2% árið 2020. Minkaafurðirnar fóru eingöngu til Danmerkur og var samsvarandi hlutdeild í útflutningi landbúnaðarvara þangað, 85% árið 2013 en aðeins 3,5% árið 2020. Útflutningur landbúnaðarvara í heild hefur þó vaxið undanfarin ár og afurðir fiskeldis, lax og silungur og annar eldisfiskur, dregið vagninn, en talsverður vöxtur og umbætur hafa átt sér stað í þeirri grein síðustu misseri.

Nokkuð stór hluti innan hvers flokks fellur undir annað, einkum í útflutningi iðnaðarvara eða 26,6% yfir tímabilið, annarra vara, 16% og sjávarafurða, 10%[4]. Þetta vekur upp spurningar hvort flokkuninni sé ábótavant eða þarfnist einhverrar endurskoðunar, en sem dæmi ná nefna, þá taldist 43,3% af útflutningi iðnaðarvara árið 2019 til annarra iðnaðarvara og 34,5% árið 2020.

[4] Greinamunur er á flokknum „annað“ innan hverrar greinar, sem er einn flokka í samantekt Hagstofunnar og „annars ótalið annars staðar“, sem tekur til flokka sem til einföldunar er slegið saman í þessari samantekt.

# ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR TIL NORÐURLANDA

55% samdráttur var í útflutningi þjónustu árið 2020 samanborið við árið 2013, eða sem svarar ríflega 62 mkr. og er skýringa einkum að leita í samdrætti flugsamgangna, ferðalaga og svo annarrar viðskiptaþjónustu. Stærstu einstöku flokkar í útflutningi þjónustu á tímabilinu 2013-2020 voru samgöngur og flutningar með 44,6% hlutdeild og ferðalög með 28,3%. Fyrrnefndi flokkurinn vó þyngst til allra landanna nema Noregs, þar sem ferðalög höfðu yfirhöndina og stóðu undir 36,1% útflutningsins. Færeyjar skera sig nokkuð úr þar sem útflutningur ferðalaga nam aðeins 1,7% af heildarútflutningi þjónustu á tímabilinu og fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta 26,6%, samanborið við 6,9% fyrir Norðurlöndin í heild. Ferðalagaliðurinn vóg einnig lágt í þjónustuútflutningi til Grænlands, enda landið fámennt eins og Færeyjar og spurning um ferðaframboð, en hlutdeild annarrar viðskiptaþjónustu var hins vegar ríflega tvöfalt það sem flutt var út að meðaltali til Norðurlandanna allra.

**Tafla 6: Þjónustuútflutningur til Norðurlandanna 2013-2020, hlutfallsleg skipting milli þjónustuflokka.**

| í millj. kr. | Noregur | *í %* | Danmörk | *í %* | Svíþjóð | *í %* | Færeyjar | *í %* | Grænland | *í %* | Finnland | *í %* | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samgöngur og flutningar | 49,172 | *15.6%* | 134,970 | *42.9%* | 85,584 | *27.2%* | 9,622 | *3.1%* | 8,487 | *2.7%* | 27,013 | *8.6%* | 314,847 |
| | *26.3%* | | *51.6%* | | *51.7%* | | *48.6%* | | *38.9%* | | *54.4%* | | *44.6%* |
| Ferðalög | 67,443 | *33.7%* | 68,012 | *34.0%* | 45,548 | *22.8%* | 336 | *0.2%* | 737 | *0.4%* | 17,850 | *8.9%* | 199,925 |
| | *36.1%* | | *26.0%* | | *27.5%* | | *1.7%* | | *3.4%* | | *36.0%* | | *28.3%* |
| Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a. | 1,429 | *18.6%* | 1,455 | *18.9%* | 4,007 | *52.2%* | 48 | *0.6%* | 9 | *0.1%* | 733 | *9.5%* | 7,680 |
| | *0.8%* | | *0.6%* | | *2.4%* | | *0.2%* | | *0.0%* | | *1.5%* | | *1.1%* |
| Fjarskipta-, tölvu- og uppl.þj. | 13,779 | *28.2%* | 16,723 | *34.2%* | 9,831 | *20.1%* | 5,264 | *10.8%* | 798 | *1.6%* | 2,540 | *5.2%* | 48,935 |
| | *7.4%* | | *6.4%* | | *5.9%* | | *26.6%* | | *3.7%* | | *5.1%* | | *6.9%* |
| Önnur viðskiptaþjónusta | 30,726 | *44.7%* | 24,926 | *36.2%* | 6,052 | *8.8%* | 1,911 | *2.8%* | 4,637 | *6.7%* | 555 | *0.8%* | 68,808 |
| | *16.4%* | | *9.5%* | | *3.7%* | | *9.7%* | | *21.3%* | | *1.1%* | | *9.8%* |
| Menningar, afþreyj. og pers.leg þ | 2,526 | *33.0%* | 1,314 | *17.2%* | 2,842 | *37.2%* | 502 | *6.6%* | 369 | *4.8%* | 98 | *1.3%* | 7,650 |
| | *1.4%* | | *0.5%* | | *1.7%* | | *2.5%* | | *1.7%* | | *0.2%* | | *1.1%* |
| Opinber þjónusta ót.a. | 893 | *40.4%* | 488 | *22.0%* | 385 | *17.4%* | 2 | *0.1%* | 0 | *0.0%* | 445 | *20.1%* | 2,214 |
| | *0.5%* | | *0.2%* | | *0.2%* | | *0.0%* | | *0.0%* | | *0.9%* | | *0.3%* |
| Þjónusta ót.a. | 21,110 | *38.0%* | 13,928 | *25.1%* | 11,274 | *20.3%* | 2,102 | *3.8%* | 6,786 | *12.2%* | 401 | *0.7%* | 55,600 |
| | *11.3%* | | *5.3%* | | *6.8%* | | *10.6%* | | *31.1%* | | *0.8%* | | *7.9%* |
| Samtals | 187,078 | | 261,814 | | 165,523 | | 19,786 | | 21,823 | | 49,635 | | 705,659 |
| *í %* | *26.5%* | | *37.1%* | | *23.5%* | | *2.8%* | | *3.1%* | | *7.0%* | | *100%* |

## Þjónustuútflutningur til Norðurlanda eftir flokkum

Þó flugsamgöngur hafi misst flugið ansi hressilega síðastliðin ár, voru þær stærsti einstaki flokkur útfluttrar þjónustu á tímabilinu, eða sem svaraði 35,9% af heildarútflutningi þess, en einungis 21% sé horft til áranna 2018-2020 sérstaklega. Sé árið 2020 borið saman við árið 2013 hvað flugsamgöngur varðar, var samdráttur á milli áranna 93% eða um 55 mkr., sem jafngildir tæplega 90% heildarsamdráttar útfluttrar þjónustu til Norðurlandanna á sama tíma. Breytingar á skráningu starfsstöðva flugfélaga sem og brotthvarf nokkurra af markaði, ásamt heimsfaraldrinum 2020, eru helstu skýringar samdráttarins.

Aðrir flokkar sem hafa dregist verulega saman á tímabilinu eru ferðalög (55%), einkum árið 2020 vegna faraldursins og  önnur viðskiptaþjónusta, niður 32% árið 2020 samanborið við 2013. Talsverðar breytingar hafa verið á ýmsum fleiri flokkum á milli upphafs- og lokaára tímabilsins en þó varhugavert að bera saman án þess að líta til þróunar yfir allt tímabilið, þar sem sveiflur geta verið talsverðar á milli ára, m.a. vegna einstakra viðskipta eða af öðrum ástæðum. Dæmi um þetta eru t.d. menningar-, afþreyingar- og persónuleg þjónusta og gjöld fyrir notkun hugverka.

**Tafla 7: Þjónustuútflutningur til Norðurlandanna 2013-2020, eftir flokkum og liðum**

| Þjónustuútflutningur *í milljónum kr.* | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | samt. 2013-20 | í % heild | Br. 20/13 | í %[1] 18-20 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samgöngur og flutningar | 65,472 | 59,677 | 44,257 | 40,881 | 35,887 | 31,667 | 23,574 | 13,432 | 314,847 | 44.6% | -79.5% | 34.1% |
| Flugsamgöngur | 59,270 | 52,446 | 37,119 | 33,077 | 28,661 | 23,731 | 15,201 | 3,976 | 253,481 | 35.9% | -93.3% | 21.3% |
| Sjóflutningar | 5,253 | 6,389 | 6,234 | 6,916 | 6,382 | 7,139 | 6,953 | 7,461 | 52,726 | 7.5% | 42.0% | 10.7% |
| Aðrar samgöngur | 665 | 613 | 639 | 614 | 615 | 630 | 1,279 | 1,863 | 6,918 | 1.0% | 180.3% | 1.9% |
| Póst- og hraðboðaþjónusta | 284 | 228 | 266 | 274 | 229 | 167 | 141 | 133 | 1,722 | 0.2% | -53.1% | 0.2% |
| Ferðalög | 23,707 | 27,187 | 27,754 | 30,482 | 28,387 | 26,086 | 25,542 | 10,779 | 199,925 | 28.3% | -54.5% | 31.0% |
| Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a. | 1,217 | 799 | 514 | 528 | 669 | 824 | 1,369 | 1,759 | 7,680 | 1.1% | 44.6% | 2.0% |
| Fjarskipta-, tölvu- og uppl.þj. | 6,173 | 5,056 | 5,290 | 5,833 | 5,872 | 6,705 | 7,070 | 6,936 | 48,935 | 6.9% | 12.4% | 10.3% |
| Tölvuþjónusta | 4,255 | 3,880 | 3,903 | 4,502 | 4,495 | 5,453 | 5,917 | 5,663 | 38,067 | 5.4% | 33.1% | 8.5% |
| Fjarskiptaþjónusta | 1,041 | 915 | 1,195 | 1,058 | 1,082 | 971 | 977 | 1,153 | 8,393 | 1.2% | 10.8% | 1.5% |
| Upplýsingaþjónusta | 877 | 262 | 192 | 273 | 295 | 280 | 177 | 120 | 2,475 | 0.4% | -86.3% | 0.3% |
| Önnur viðskiptaþjónusta | 11,141 | 11,324 | 9,950 | 8,831 | 7,364 | 6,664 | 5,991 | 7,545 | 68,808 | 9.8% | -32.3% | 10.0% |
| Tækniþjónusta og önnur viðskipta | 8,666 | 8,467 | 8,259 | 7,456 | 5,540 | 4,027 | 3,938 | 5,411 | 51,762 | 7.3% | -37.6% | 6.6% |
| Sérfræði-, stjórnunar- og ráðgjafa | 2,242 | 2,735 | 1,352 | 1,298 | 1,181 | 1,717 | 1,551 | 1,814 | 13,890 | 2.0% | -19.1% | 2.5% |
| Rannsókna- og þróunarþjónusta | 233 | 122 | 339 | 77 | 643 | 920 | 502 | 320 | 3,156 | 0.4% | 37.6% | 0.9% |
| Menningar, afþreyj. og pers.leg þj. | 1,771 | 790 | 1,041 | 646 | 729 | 626 | 800 | 1,247 | 7,650 | 1.1% | -29.6% | 1.3% |
| Opinber þjónusta ót.a. | 211 | 406 | 263 | 255 | 259 | 266 | 273 | 281 | 2,214 | 0.3% | 33.4% | 0.4% |
| Þjónusta ót.a. | 3,504 | 5,563 | 5,684 | 7,773 | 11,200 | 6,054 | 6,917 | 8,906 | 55,600 | 7.9% | 154.2% | 10.9% |
| Heildarþjónusta | 113,195 | 110,803 | 94,752 | 95,229 | 90,368 | 78,891 | 71,535 | 50,885 | 705,659 | 100% | -55% | 100% |
| Heildarþjónsuta, br. frá fyrra ári ISK (í %) | | -2.1% | -14.5% | 0.5% | -5.1% | -12.7% | -9.3% | -28.9% | | | -55.0% | |

[1] *hlutfallsleg skipting 2018-2020*

## HLUTFALL NORÐURLANDA Í HEILDARVIÐSKIPTUM ÍSLANDS 2013-2020

Hlutfall Norðurlandanna í heildarútflutningi Íslands á tímabilinu var 12,2% (9,4% í vöruútflutningi og 15,1% í þjónustuútflutningi) og 22,2% í heildarinnflutningi (23,7% í vöruinnflutningi og 19,4% í þjónustuinnflutningi). Hlutfall í útflutningi þjónustu tók stökk árið 2020 þar sem heildarsamdráttur í þjónustuútflutningi Íslands var 45,6% frá fyrra ári, samanborðið við 28,9% samdrátt í útflutningi Norðurlandanna einna og sér á sama tíma.

Stærstu innflutningsliðir þjónustu á tímabilinu voru ferðalög með 40,2% hlutdeild (hjá Norðurlöndum 28,3%, til samanburðar), samgöngur og flutningar 33,3% (44,6%) og önnur viðskiptaþjónusta 7,3% (9,8%).

**Mynd 4: Hlutfall inn- og útflutnings til Norðurlanda af heildarviðskiptum Íslands 2013-2020**



# SKÝRING Á ÁHRIFUM GENGISBREYTINGA Á VERÐMÆTI ÚTFLUTNINGS

Verðmæti útflutnings á hverjum tíma í krónum talið ræðst af þremur meginþáttum, þ.e. magni, verði á markaði í viðkomandi mynt og gengi íslensku krónunnar. Við greiningu og samanburð útflutningsverðmætis á milli tímabila, t.d. á milli ára eða hluta úr ári, getur gengisþróun íslensku krónunnar skekkt samanburðinn verulega og gefið misvísandi vísbendingu um stöðu og þróun útflutnings.

Tökum sem dæmi þrjá mánuði, janúar 2010 (meðalgengi mánaðar **DKK/ISK, 24,156)**, maí 2017 (**15,288**) og október 2020 **(21,9910**) og útflutning **5.000** eininga af silungi til Danmerkur og að verð í dönskum krónum sé óbreytt allt tímabilið, eða **20 DKK** á einingu.

Útflutningsverðmæti í janúar 2010, í íslenskum krónum talið, hefði því verið 2.415.600 kr., í maí 2017, 1.528.800 kr. og í október 2020, 2.199.100 kr. Verðmætið í maí 2017 hefði þá jafngilt 37% samdrætti samanborið við janúar 2010 og 44% verðmætaaukning orðið í október 2020 samanborið við maí 2017, **jafnvel þó útflutt magn væri hið sama og verð á mörkuðum hið sama**. Til að ná sama verðmæti í maí 2017 og í janúar 2010, við óbreytt markaðsverð, hefðu seldar einingar þurft að vera 7.900 í stað 5.000, en einungis 3.500 til að ná sama verðmæti í október 2020 og í maí 2017.

Þó gengisþróun skekki myndina hvað varðar útflutning og samanburð tímabila, breytir það þó ekki þeirri staðreynd að veik íslensk króna skilar fleiri króknum í kassa útflytjandans. Veik króna er þó alla jafna ekki sérlega velkomin. Innflutt aðföng í framleiðslu útflytjandans verða dýrari (í ísk.) sem og innfluttar vörur almennt. Hærra verðlag kallar á kröfur um launahækkanir sem aftur leiða til aukins framleiðslukostnaðar útflytjandans, verðbólga eykst, verðtryggð lán verða dýrari og stýrivextir S.Í. hækka (vaxtakjör útflytjandans verða lakari) til að styðja við krónuna og sporna við verðbólgu o.s.frv.

Íslenska krónan styrktist gagnvart norrænu gjaldmiðlunum og evru allt fram til ársins 2017 (til 2018 í tilfelli sænsku krónunnar), er veikingarferli hófst á ný. Þrátt fyrir veikingu undanfarinna ára var krónan 4,8% sterkari gagnvart DKK/EUR árið 2020 samanborið við 2013, 30,8% gagnvart NOK og 21,4% gagnvart SEK.

**Mynd 5: Þróun ÍSK gagnvart EUR/DKK, NOK og SEK 2013-2020 (ársmeðaltöl)**



# NOREGUR

## HEILDARÚTFLUTNINGUR TIL NOREGS

Á tímabilinu 2013-2020 nam heildarútflutningur til Noregs 405 mkr. og dróst saman á hverju ári (alls um 34,6%), að undanskildum árunum 2017 og 2018, er um aukningu var að ræða á milli ára, annars vegar 4,4% og hins vegar 6,5%. Heildarvöruútflutningur nam 218 mkr. og dróst saman um 10,1% á milli áranna 2013 og 2020. Á sama tíma dróst þjónustuútflutningur saman um 57,9% og nam alls 187 mkr. Talsverður samdráttur var í flestum þjónustuflokkum, ekki síst í ferðalögum árið 2020, eða um 63,2% frá fyrra ári.

Hlutur vöruútflutnings í heildarútflutningi til Noregs jókst á tímabilinu, úr 48,8% árið 2013 í 67% árið 2020 (53,8% í heild). Hlutfall Noregs í heildarútflutningi Íslands var á tímabilinu 4,3%, þar af í vöruútflutningi 4,6% og 4% í útflutningi þjónustu.

Ársmeðalgengi norsku krónunnar gagnvart þeirri íslensku var 20,83 árið 2013 og 14,42 árið 2020, eða styrking sem svarar 30,8%. Gengi krónunnar styrktist á tímabilinu 2013-2017 en veiktist árin 2018-2020. Að teknu tilliti til gengisbreytinga, var um 5,5% samdrátt að ræða í heildarútflutningi til Noregs á milli áranna 2013 og 2020.

Á tímabilinu voru alls fluttar inn vörur og þjónusta frá Noregi fyrir 770,8 mkr., þar af vörur fyrir 639 mkr. og þjónusta fyrir 131,8 mkr. Viðskiptajöfnuður tímabilsins var því neikvæður um 365,8 mkr. (vöruskiptajöfnuður neikvæður um 421 mkr. en þjónustujöfnuður jákvæður um 55,2 mkr.), eða sem samsvarar 90,3% af heildarútflutningi tímabilsins.

**Mynd 6: Heildarútflutn. vöru og þjónustu til Noregs 2013-20, samanburður við Norðurlönd í heild**



# VÖRUÚTFLUTNINGUR TIL NOREGS

Alls voru fluttar út vörur til Noregs fyrir 218 mkr. á tímabilinu 2013-2020. Útflutningsverðmætið dróst saman um 2,9 mkr. á milli áranna 2013 (29 mkr.) og 2020 (26 mkr.), eða um 10,1%. Sé tekið tillit til styrkingar íslensku krónunnar jókst útflutningsverðmæti um 29,9% á milli þessara ára, í norskum kr. talið.

Sjávarafurðir voru lang veigamesti útflutningsflokkurinn með 67,8% hlutdeild og svo iðnaðarvörur með 16% og aðrar vörur 11,7%. Fimm stærstu útflutningstegundirnar, kolmunni, síld, loðna, annar botnfiskur og úrgangur og leifar frá orkufrekum iðnaði, stóðu undir 65,5% vöruútflutnings tímabilsins, þar af þær þrjár fyrstnefndu, 50,3%.

**Mynd 7: Vöruútflutningur til Noregs 2013-2020**




Eldislax, sem fellur undir landbúnaðarvörur, samsvaraði 43,6% útflutningsverðmætis þess flokks. Aðrar veigamiklar tegundir sem nefna má eru vélar til matvælaframleiðslu, einkum árið 2018, og útflutningur notaðra skipa sem var talsverður árin 2013, 2014 og 2017, en lítill þar á milli.

### Tafla 8: Vöruútflutningur til Noregs 2013-2020

| Vöruútflutningur í milljónum kr. | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | samt. 2013-20 | í % flokkur | í % heild | Br. 20/13 | í % 18-20 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjávarafurðir** | 19,253 | 17,080 | 20,167 | 16,439 | 18,588 | 21,619 | 16,685 | 17,998 | 147,829 | 100% | 67.8% | -7% | 67.4% |
| Kolmunni | 1,755.0 | 5,143.9 | 4,279.6 | 4,726.7 | 5,212.1 | 9,457.8 | 7,577.0 | 7,348.3 | 45,500 | 30.8% | 20.9% | 319% | 29.2% |
| Síld | 6,192.7 | 4,365.4 | 3,030.3 | 3,552.4 | 4,710.3 | 3,118.8 | 4,847.0 | 5,016.8 | 34,834 | 23.6% | 16.0% | -19% | 15.5% |
| Loðna | 7,251.2 | 2,883.3 | 6,278.5 | 2,921.8 | 4,861.3 | 4,968.4 | 119.5 | 12.7 | 29,297 | 19.8% | 13.4% | -100% | 6.1% |
| Annar botnfiskur | 1,438.5 | 1,772.0 | 2,214.3 | 1,812.0 | 1,740.6 | 2,240.5 | 2,251.0 | 3,772.4 | 17,241 | 11.7% | 7.9% | 162% | 9.9% |
| Þorskur | 94.9 | 142.7 | 262.1 | 638.0 | 843.2 | 256.6 | 363.7 | 271.3 | 2,873 | 1.9% | 1.3% | 186% | 1.1% |
| Ýsa | 281.0 | 208.5 | 176.7 | 62.2 | 100.1 | 170.7 | 182.6 | 164.4 | 1,346 | 0.9% | 0.6% | -41% | 0.6% |
| Rækja | 147.5 | 432.2 | 124.5 | 30.2 | 79.6 | 68.1 | 32.0 | 6.5 | 921 | 0.6% | 0.4% | -96% | 0.1% |
| Aðrar sjávarafurðir | 1,987.9 | 2,035.6 | 3,691.5 | 2,189.6 | 816.7 | 1,059.0 | 1,105.9 | 1,191.5 | 14,078 | 9.5% | 6.5% | -40% | 4.0% |
| Aðrar sjávarafurðir ó.ta. | 104.6 | 96.1 | 109.8 | 506.3 | 223.7 | 278.8 | 206.4 | 213.8 | 1,739 | 1.2% | 0.8% | 104% | 0.8% |
| **Landbúnaðarvörur** | 1,079 | 1,115 | 1,237 | 1,042 | 834 | 2,249 | 1,296 | 963 | 9,814 | 100% | 4.5% | -11% | 5.4% |
| Lax | 200.8 | 297.4 | 463.9 | 267.8 | 586.3 | 1,310.8 | 687.7 | 463.8 | 4,279 | 43.6% | 2.0% | 131% | 2.9% |
| Afurðir sauðfjár | 649.0 | 539.2 | 561.8 | 464.6 | 17.1 | 258.9 | 337.9 | 31.8 | 2,860 | 29.1% | 1.3% | -95% | 0.8% |
| Aðrar landbúnaðarvörur | 102.4 | 170.4 | 93.1 | 87.3 | 205.3 | 588.9 | 173.0 | 280.8 | 1,701 | 17.3% | 0.8% | 174% | 1.2% |
| Aðrar landbúnaðarvörur ó.ta. | 126.5 | 108.1 | 118.4 | 221.8 | 25.4 | 90.2 | 97.7 | 186.1 | 974 | 9.9% | 0.4% | 47% | 0.4% |
| **Iðnaðarvörur** | 4,089 | 4,228 | 3,836 | 3,488 | 3,327 | 6,081 | 4,660 | 5,150 | 34,860 | 100% | 16.0% | 26% | 19.0% |
| Vélar til matvælaframleiðslu | 291.6 | 598.4 | 736.8 | 555.2 | 725.1 | 2,253.5 | 450.0 | 902.1 | 6,513 | 18.7% | 3.0% | 209% | 4.3% |
| Vörur til fiskveiða ót.a. | 393.4 | 339.7 | 879.1 | 757.4 | 398.8 | 545.4 | 428.1 | 483.8 | 4,226 | 12.1% | 1.9% | 23% | 1.7% |
| Jarðolíur og olíuvörur | 523.9 | 843.2 | 394.0 | 173.8 | 326.6 | 347.2 | 504.0 | 78.0 | 3,191 | 9.2% | 1.5% | -85% | 1.1% |
| Fiskkassar | 369.3 | 290.9 | 418.5 | 233.4 | 243.9 | 426.1 | 205.6 | 242.5 | 2,430 | 7.0% | 1.1% | -34% | 1.0% |
| Rafeindavogir | 635.5 | 383.3 | 190.7 | 258.3 | 215.2 | 194.9 | 260.8 | 246.7 | 2,385 | 6.8% | 1.1% | -61% | 0.8% |
| Kísiljárn | 8.9 | 40.5 | 66.9 | 240.7 | 159.6 | 146.5 | 309.5 | 535.3 | 1,508 | 4.3% | 0.7% | --- | 1.2% |
| Málmur og málmvörur | 129.7 | 136.7 | 42.9 | 61.0 | 44.4 | 51.4 | 54.5 | 98.3 | 619 | 1.8% | 0.3% | -24% | 0.2% |
| Aðrar iðnaðarvörur | 1,238.3 | 1,082.8 | 897.1 | 896.1 | 891.0 | 1,503.3 | 1,925.7 | 2,067.9 | 10,502 | 30.1% | 4.8% | 67% | 6.6% |
